

Filmus ehf
Bjarni Daddason
Háagerði
108 Reykjavík

Snæfellsbær 24. ágúst 2017
UST201708-006/JB
01.08.2017

Efni: Leyfi fyrir ljósmyndatöku á Djúpalónssandi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Filmus ehf vegna leyfis til ljósmyndatöku á Djúpalónssandi 28. ágúst.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, eftir því sem þau geta átt við. Umhverfisráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir hvers konar atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum samkv. 17. gr. reglugerðarinnar. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum. Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorphátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 568/2001.

Lýsing:

Um er að ræða ljósmyndatöku fyrir fataframleiðandan. Tökur fara fram í fjörunni á Djúpalóni snemmorguns 28. ágúst og lýkur þeim seinni hluta sama dags. Alls koma 20 mans á 6-7 bílum að tókunum. Bílum verður lagt á stæði ofan afleggjara að Djúpalóni utan aðstöðuruðu sem lagt verður á aðalbílastæði ofan Djúpalóns. Lögð verður áhersla á að valda sem minnstri truflun fyrir gesti. Myndað verður frekar þröngt í fjörunni og gæti komið til lítilsháttar stýringa á fólki, en engar hindranir verða settar upp. Tveir til fjórir hestar koma að tókunum og fylgja þeim umsjónarmenn.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnislýsingu, að ekki sé líklegt að rask verði á náttúruminum svæðisins vegna umræddra ljósmyndatöku.

Niðurstæða:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til ljósmyndatöku við Djúpalón að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ganga skal vel og snyrtilega um þjóðgarðinn og fylgja ber öllum þeim lögum og reglum sem um þjóðgarðinn gilda. Allur úrgangur sem til fellur frá mönnum og dýrum verði fjarlægður að tókum loknum.
- Dregið verði úr truflun á aðra gesti eins og kostur er.
- Umsjónarmenn þjóðgarðsins verði látnir vita í tíma hvenær tókur hefjast. Þjóðgarðsvörður er Jón Björnsson S: 822 4056 og sérfræðingur er Linda Björk Hallgrímsdóttir, S: 822 4029. Jafnframt skulu umsjónaraðilar upplýstir um hvernig búnaður verður fluttur til og frá tókustað og samráð haft við þá um aðkomu hesta.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik frá áður útgefinni verkefnalýsingu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um myndatöku. Gjaldið er 52.600 kr, sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Starfsmenn þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sinna reglubundnu eftirliti á svæðinu. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit, 13.200 kr/klst. samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, nr. 535/2015.


Kæruheimild:

Umhverfisstofnun, með vísun í VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, bendir á að heimilt er að kæra ákvörðun Umhverfisstofnunar til æðra stjórnvalds. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Beina skal kæru til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Virðingarfyllt



Sigrún/Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður